



Íslandsmótið 2007

Íslandsmót einstaklinga m/ forgjöf 2007

Íslandsmót einstaklinga m/forgjöf 2007 verður haldið dagana 3. - 6. febrúar 2007 í Keiluhöllinni.

Olíuburður verður sá sami og verið hefur í deildum.

Forkeppni laugardaginn 3. febrúar og sunnudaginn 4. febrúar.

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 16 karlarnir og 12 konur halda áfram í milliriðil.

Verð í forkeppni kr. 2.000,-

Hægt er að velja milli tveggja rástíma:

Laugardaginn 3. febrúar kl. 9:00

Sunnudaginn 4. febrúar kl. 9:00

Milliriðill mánudaginn 5. febrúar kl. 19:00

Spilaðir eru 4 leikir. Efstu 8 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit.

Verð í milliriðil kr. 2.200.-

Undanúrslit þriðjudaginn 6. febrúar kl. 19:00

Spilað allir við alla, 8 karlar og 6 konur, einföld umferð.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Verð í undanúrslit kr. 3.000 karlar og 2.000 konur.

Úrslit þriðjudaginn 6. febrúar – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir teljast sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn). Ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráning fer fram á netfanginu skraning@kli.is, eða hjá Þórhalli í síma 899-3654.

Skráningu lýkur þriðjudaginn 30. janúar klukkan 22:00. Skráning þarf að innihalda nafn, kennitölu, og hvort óskað sé eftir að leika laugardags- eða sunnudagsmorgun.